

## Eignarhald á íslenskum fyrirtækjum Hvert rennur hagnaður þeirra og skattar?

### *Inngangur*

Í greininni “Útrás og innrás”, fjallaði ég almennt um hvaða áhrif fjárfestingar yfir landamæri geta haft á íslenskt efnahagslíf og tekjur ríkissjóðs. Þar kom fram að efnahagsleg áhrif útrásar eru að verulegu leyti undir því komin hver á útrásarfyrirtækin, hvert hagnaðurinn rennur og hvar honum er ráðstafað. Ennfremur kom þar fram að skatttekjur af starfsemi erlendra félaga í íslenski eigu eru fremur litlar og líklega nær engar ef eigendur móðurfélaga útrásarfyrirtækjanna eru skráðir erlendis. Um erlenda fjárfestingu hér á landi kom fram að þegar um er að ræða stóriðju fer stærsti hluti virðisaukans úr landi í formi vaxtagreiðslna til erlendra aðila og hagnaðar erlendra eigenda og að hlutdeild Íslands í þeim virðisauka sem starfsemin myndar hefur farið minnkandi á síðustu árum.

Eignarhald erlendra aðila á íslenskum félögum hefur ekki aðeins áhrif á hag landsins af fjárfestingum íslenskra aðila erlendis og stóriðju hér á landi. Eignarhald erlendra aðila á öðrum íslenskum félögum hefur í för með sér að hluti af hagnaður af starfsemi þeirra rennur til hinna erlendu eigenda og sætir eftir atvikum lítilli skattlagningu þeirra hér. Af þessum ástæðum er eignarhald erlendra aðila á íslenskum félögum forvitnilegt og í þessari grein verður rýnt í tiltækar upplýsingar um það og hvaða ályktanir megi draga af þeim um efnahagsleg áhrif þess. Í greininni er byggt á skýrslum Seðlabanka Íslands um fjármunaeign Íslendinga erlendis og erlenda fjármunaeign á Íslandi<sup>1</sup> og upplýsingum Kauphallarinnar um eigendur félaga sem þar eru skráð.<sup>2</sup> Hjá Ársreikningaskrár koma fram upplýsingar um eigendur einkahlutafélaga, sem eiga 10% eða meira í féluginu.

Við athugun á skýrslum Seðlabankans verða strax ljóst tengsl á milli íslenskra fjárfestinga erlendis og erlendra fjárfestinga á Íslandi. Mikill vöxtur fjárfestinga Íslendinga í tilteknum löndum og fjárfesting hér á landi frá þessum sömu löndum bendir til þess að íslenskir aðilar hafi lagt fé í félög í þessum löndum og þau félög síðan fest það í félögum hér á landi. Efnahagsleg og skattaleg áhrif af slíkum hringtengslum eru veruleg. Með þeim er auðvelt er að flytja arð og hagnað milli landa og komast hjá skattlagningu ef skattalög eru ekki í stakk búin til að taka á því. Af þessum ástæðum eru þessi tengsl könnuð eftir því sem tók eru á og ekki aðeins litið til beinnar eignaraðildar, þ.e. hvaða félag er skráður eigandi hlutar í félags í Kauphöllinni heldur einnig hverjir eru eigendur þess eignarhaldsfélags.

### *Bein fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi og Íslendinga erlendis*

Í skýrslu Seðlabanka Íslands frá júlí 2007 um fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi, sjá viðhengi I, kemur fram að á árinu 2006 er hún talin nema um 540 milljörðum króna og hafi aukist úr um 70 milljörðum frá árinu 2000. Þessi mikla aukning vekur athygli en ekki síður það hvernig þessi fjárfesting erlendra aðila er samsett m.t.t. landssvæða. Í töflu Seðlabankans kemur fram að um 450 milljarðar króna eða um 84% af hinni erlendu fjárfestingu og nærri 90% af aukningu erlendrar fjármunaeignar

<sup>1</sup> Hagtölur Seðlabankans, Greiðslujöfnuður og erlend staða, Bein fjármunaeign Íslendinga erlendis, júlí 2007 og Bein fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi, júlí 2007.

<sup>2</sup> Vefur The Nordic Exchange, 20 stærstu hluthafar; <http://news.icex.is/attachments/other/Top20.htm>

frá árinu 2000 kemur frá BENELUX löndunum og aflandssvæðum þar sem skattaleg fríðindi eru algeng. Eftirfarandi tafla er unnin úr yfirliti Seðlabankans.

| <b>Bein fjármunaæign erlendra aðila á Íslandi</b> |              |              |              |              |              |               |               |               |
|---------------------------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|---------------|---------------|---------------|
|                                                   | <b>1999</b>  | <b>2000</b>  | <b>2001</b>  | <b>2002</b>  | <b>2003</b>  | <b>2004</b>   | <b>2005</b>   | <b>2006</b>   |
| <b>Norðurlönd</b>                                 | 7214         | 9805         | 11220        | 13413        | 12885        | 13059         | 15405         | 18506         |
| <b>Belgia/LUX</b>                                 | 2023         | 4391         | 10152        | 10040        | 25644        | 53756         | 70657         | 178016        |
| <b>Holland</b>                                    | 102          | 100          | 400          | 322          | 239          | 379           | 117127        | 211767        |
| <b>Aflandssvæði</b>                               | 22           | 658          | 2673         | 6707         | 15564        | 20272         | 44615         | 61661         |
| <b>Annað í Evrópu</b>                             | 14149        | 15899        | 17416        | 13969        | 16476        | 13361         | 15079         | 24503         |
| <b>- Utan Evrópu</b>                              | 11151        | 11284        | 28791        | 19841        | 13900        | 26619         | 33668         | 43955         |
| <b>Samtals</b>                                    | <b>34660</b> | <b>42136</b> | <b>70652</b> | <b>64292</b> | <b>84709</b> | <b>127445</b> | <b>296550</b> | <b>538407</b> |
| <b>BENEL+aflands.</b>                             | 2146         | 5149         | 13225        | 17069        | 41447        | 74407         | 232398        | 451444        |
| <b>Annað</b>                                      | 32514        | 36988        | 57428        | 47223        | 43262        | 53038         | 64152         | 86964         |
| <b>Norðurlönd</b>                                 | 20.8%        | 23.3%        | 15.9%        | 20.9%        | 15.2%        | 10.2%         | 5.2%          | 3.4%          |
| <b>BENELUX</b>                                    | 5.8%         | 10.4%        | 14.4%        | 15.6%        | 30.3%        | 42.2%         | 23.8%         | 33.1%         |
| <b>Holland</b>                                    | 0.3%         | 0.2%         | 0.6%         | 0.5%         | 0.3%         | 0.3%          | 39.5%         | 39.3%         |
| <b>Aflandssvæði</b>                               | 0.1%         | 1.6%         | 3.8%         | 10.4%        | 18.4%        | 15.9%         | 15.0%         | 11.5%         |
| <b>Annað í Evrópu</b>                             | 40.8%        | 37.7%        | 24.7%        | 21.7%        | 19.5%        | 10.5%         | 5.1%          | 4.6%          |
| <b>- Utan Evrópu</b>                              | 32.2%        | 26.8%        | 40.8%        | 30.9%        | 16.4%        | 20.9%         | 11.4%         | 8.2%          |
| <b>Samtals</b>                                    | <b>100%</b>  | <b>100%</b>  | <b>100%</b>  | <b>100%</b>  | <b>100%</b>  | <b>100%</b>   | <b>100%</b>   | <b>100%</b>   |
| <b>BENEL+aflands.</b>                             | 6.2%         | 12.2%        | 18.7%        | 26.5%        | 48.9%        | 58.4%         | 78.4%         | 83.8%         |
| <b>Annað</b>                                      | 93.8%        | 87.8%        | 81.3%        | 73.5%        | 51.1%        | 41.6%         | 21.6%         | 16.2%         |

Eins og hér kemur fram hefur nær öll aukning á erlendra fjármunaæign á síðustu árum komið frá BENELUX löndunum og aflandssvæðum. Athygli vekur hve lítil aukningin fjármunaæignar frá öðrum svæðum er á alsíðustu árum þrátt fyrir byggingu og stækkun álvera.<sup>3</sup> Tafla sýnir að á þeim árum sem hún tekur til hefur hlutdeild BENELUX landanna og aflandssvæða vaxið úr því að vera inna við 10% af erlendra fjármunaæign í að vera nærr 84%.

Upplýsingar úr skýrslu Seðlabankans um fjármunaæign Íslendinga erlendis frá júlí 2007<sup>4</sup> eru einnig athygisverðar. Þar kemur fram að að bein fjármunaæign Íslendinga í þessum sömu löndum hefur aukist um á fjórða hundrað milljarða króna frá árinu 2000 og yfir þriðjungur skráðrar erlendra fjármunaæignar Íslendinga er er nú í þessum löndum.<sup>5</sup> Ekki liggja fyrir upplýsingar um verulega starfsemi fyrirtækja í eigu Íslendinga í þessum löndum aðrar en um bankastarfsemi í Lúxemborg.


Ólíklegt verður að teljast að fjármagn til fjárfestinga hér á landi frá framangreindum löndum sé í raun upprunnið þar og sé í endanlegri eigu aðila sem þar eru heimilisfastir. Þessar upplýsinganna úr skýrslu Seðlabankans benda sterklega til þess

<sup>3</sup> Þetta kemur ekki á óvart þegar haft er í huga að skattalega er hagkvæmara fyrir erlendan aðila að fjármagna fjárfestingu hér með lánsfé heldur en eigin fé m.a. af því að ekki er afdráttarskattur lagður á vexti sem greiddir eru úr landi eins og algengt er í öðrum löndum.

<sup>4</sup> Hagtölur Seðlabankans, Greiðslujöfnuður og erlend staða, Bein fjármunaæign Íslendinga erlendis, júlí 2007.

<sup>5</sup> Líklegt er að skýrsla SÍ vanmeti umfang þessara eignar á þessum svæðum, sérstaklega aflandssvæðunum. Upplýsingagjöf þaðan er takmörkuð og eigendur félaga þar lítt fyrir að flíka þeim. Ens má gera ráð fyrir að skráð eign miðist við nafnverð en ekki raunverð hlutabréfa.

að bein erlend fjármunaeygn hér á landi sé að stórum hluta fjármunir í eigu íslenskra aðila, sem flutt hafa fé þangað og nota til að fjárfesta aftur á Íslandi.<sup>6</sup> Líklegt er að hringrás fjármagns með þessum hætti skýri verulegan hluta af þeirri aukningu erlendra fjármunaeygnar Íslendinga og “erlendar” fjármunaeygnar á Íslandi sem fram kemur í skýrslum Seðlabanka Íslands. Sú ályktun styrkjast enn frekar þegar skoðaðar eru upplýsingar Kauphallarinnar um eignarhald á félögum sem þar eru skráð sbr. hér síðar í greininni. Eftirfarandi mynd sýnir þróun og uppruna “erlendar” fjármunaeygnar á Íslandi á árunum 1999 til 2006. Til samanburðar er með brotnu línunni sýnd þróun íslenskra fjármunaeygnar í BENELUX löndunum og á aflandssvæðum á sama tíma.



Áhrifin af þessum eignarhaldshringjum sem þessum í efnahagslegu og skattalegu tilliti eru margvísleg. Ljóst er ætterni íslensku útrásarinnar er ekki jafn hreint og göfugt ætla mátti af umræðu um hana og að verulegur hluti hins efnahagslega ávinnings rennur til aðila sem ekki eru hlutar af íslenska hagkerfinu og ekki greiða hér skatta af þeim hagnaði sem nokkru nemur. Ennfremur er ljóst að hluti af þeim skatttekjum sem ætti að falla til vegna starfsemi þessara félaga hér á landi gerir það ekki.

### ***Eignarhald á félögum í Kauphöllinni***

Frekari upplýsingar um umfang og eðli erlendar eignaraðildar í íslensku atvinnulífi er að finna hjá Kauphöllinni, sem birtir mánaðarlega lista yfir 20 stærstu hluthafa í félögum sem þar eru skráð. Þar sem nokkuð er algengt að íslenskum eignarhaldsfélögum sé skotið inn sem milliliðum milli skráðra félaga og raunverulegra eigenda hlutanna var eignarhaldskeðjan könnuð eftir því sem sem kostur var á til að sjá hvort raunverulegur eigandi væri innlendur eða erlendur<sup>7</sup>. Við greiningu á upplýsingum Kauphallarinnar var erlend eignaraðild því skilgreind sem eignarhald erlendra félaga eða einstaklinga á hlutabréfum í íslenskum félögum hvort

<sup>6</sup> Þessar hringfjárfestingar geta t.d. farið fram með þeim hætti að hlutabréf í íslensku félagi ar lagt sem stofnfé í hið erlenda félag.

<sup>7</sup> Í ársreikningum félaga sem liggja frammi hjá Ársreikningaskrá ber að tilgreina alla hluthafa sem eiga 10% eða meira í félaginu.

sem erlendur aðili var beint skráður sem eigandi, eða eignarhaldið var óbeint þ.e. skráður eigandi var íslenskt félag sem aftur var í eigu eða umráðum erlends félags eða einstaklings.<sup>8</sup>

Erfitt er að fá upplýsingar um eignarhald félaga á aflandssvæðum og í Lúxemborg en vitað er að ýmis þau félög sem í hlut eiga eru í eigu íslenskra aðila.<sup>9</sup> Þrátt fyrir vitneskju um umráð íslenskra aðila á erlendum félögum er í greininni litið svo á að eignarhaldið sé erlendis enda nær íslensk lögsaga ekki til slíkra félaga, tekjur þeirra eru ekki hluti af íslenska hagkerfinu og þau skila ekki sköttum hingað til lands. Erlendu félögin í íslenskum umráðum voru aðgreind eftir því hvar þau voru heimilisföst. Í því efni var í tilefni af framangreindum upplýsingum úr skýrslu Seðlabankans greint á milli Luxemborgar, Hollands, ýmissa aflandsvæða og annarra landa. Upplýsingar um heimilisfestu félaganna gera mögulegt að ráða í ástæður fyrir erlenda eignarhaldinu og meta afleiðingar þess fyrir efnahagslíf og skatta.

Í Lúxemborg er ekki mikið um virka<sup>10</sup> atvinnustarfsemi sem gefur tilefni til fjárfestinga þar en ætla má að tvennt laði einkum fjármagn þangað. Í fyrsta lagi er þar að finna löggjöf um eignarhaldsfélög útlendinga, sem sæta lítilli eða engri skattlagningu á tekjur erlendis frá. Takmarkaðar upplýsingar fást um þessi félög og eigendur þeirra. Bæði Evrópusambandið og OECD hafa gagnrýnt þetta fyrirkomulag og flokkað sem skaðleg skattastarfsemi og þrýsta nú fast á stjórnvöld í Lúxemborg að afnema það. Hafa þau látið undan að nokkru leyti. Í öðru lagi er mikið um erlendar bankastofnanir í landinu sem m.a. þjónusta framangreind félög og þá sem þau eiga. Í Hollandi er hin almenna skattalöggjöf áþekk því sem gerist í flestum Evrópuríkjum. Tvennt kann þó að skýra miklar erlendar fjárfestingar þar sérstaklega. Fyrrum nýlendur Hollands, sem nú eru svokölluð verndarsvæði, og teljast sum hver til skattaparadísa, njóta sérstöðu í Hollandi í skattalegu tilliti sem gerir það að verkum að auðvelt er að færa óskattlagt fé á milli Hollands og þeirra. Hitt sem skýra kann miklar fjárfestingar íslenskra aðila í Hollandi er að samkvæmt tvísköttunarsamningi landanna er enginn afdráttarskattur lagður á arð sem greiddur er milli landanna og bera hluthafarnir því engan skatt á Ísland. Er því auðvelt að flytja þangað fé án skattlagningar og væntanlega áfram þaðan.

Aflandsvæðin sem svo eru kölluð eru lönd eða landsvæði sem veita erlendum aðilum skattaskjól, þ.e. leggja ekki á skatta á erlenda aðila með tekjur frá öðrum löndum og veita erlendum yfirvöldum takmarkaðar upplýsingar um þá eða félög sem þeir eiga. Á flestum þessum er félagalöggjöf í molum, engar kröfur eru gerðar um reikningshald o.s.fr. og skráning félaga einungis málamyndagjörningur enda er í þessum löndum skráðar þúsundir skúffufyrirtækja. Þau svæði, sem einkum koma hér við sögu eru British Virgin Islands og Ermasundseyjarnar.

<sup>8</sup> Í sumum tilvikum er eignarhaldskeðjan lengri, þ.e. tveir eða fleiri milliliðir eru á milli félags og erlends eiganda.

<sup>9</sup> Í mörgum tilvikum svo sem þegar um er að ræða skráð dótturfyrirtæki íslenskra aðila er að ræða liggur þetta ljóst fyrir. Í öðrum tilvikum má ráða þetta af aðstæðum svo sem hverjir eru talsmenn og umboðsmenn og af tilkynningum til Kauphallarinnar um tilkynningarskyld viðskipti.

<sup>10</sup> Gerður er greinarmunur á félögum í virkri starfsemi, þ.e. félögum sem hafa tekjur af því að selja vörur eða þjónustu og félögum sem eru í óvirkri starfsemi og hafa fyrst og fremst fjármagnstekjur þ.e. vaxtatekjur, arð og söluhagnað.

Helstu niðurstöður þessarar athugunar á eignarhald erlendra aðila á félögum sem skráð eru í Kauphöllinni eru í fyrsta lagi að í sumum félögum er erlent eignarhald orðið svo mikið að varla verður talað um þau sem fyrirtæki í íslenskri eigu. Í öðru lagi vekur athygli að verulegur hluti af hinu erlenda eignarhaldi er í höndum aðila sem af einhverjum ástæðum telja sér hag í því að koma því fyrir í félögum sem skráð eru á aflandssvæðum, Lúxemborg eða í Hollandi. Af þessum sökum rennur verulegur hluti af hagnaði af starfsemi félaga hér á landi til erlendra aðila og hagnaður af starfsemi íslenskra fyrirtækja erlendis sem eru í eigu þessarar félaga ílendist ekki hér. Þá hefur þetta fyrirkomulag veruleg áhrif til lækkunar á skatttekjum hér á landi af starfsemi þessara fyrirtækja og þeirra fyrirtækja sem þau eiga og starfrækja hvort sem er hér á landi eða erlendis. Í þriðja lagi má telja athyglisvert að víxleign með þeim hætti að eitt Kauphallarfélag á í öðru slíku félag (eða sjálfu sér) er að jafnaði allmikil og sömuleiðis eignarhlutdeild lífeyrissjóða. Hlutur annarra íslenskra aðila er að sama skapi lítill.

Erlend eignaraðild er í þessari greiningu eins og að framan segir talin vera til staðar ef skráður eignaraðili er erlendur eða ef skráður íslenskur eigandi var að fullu eða að mestu í eigu erlendra aðila hvort sem það eignarhald var beint eða í gegnum enn önnur eignarhaldsfélög. Sé eigandinn erlendur var einnig reynt að finna út hvort hann væri í eigu íslensks aðila. Í þeim tilvikum sem svo reyndist er hann þó engu að síður talin til erlendra eigenda þar sem efnahagsleg og skattaleg áhrif eru í samræmi við það. Eftirfarandi tafla sýnir eignarhaldið frá þessu sjónarhorni á samandregin hátt. Sýnd eru óvegin meðaltöl fyrir öll 22 félögin sem skráð eru í Kauphöllinni og sérgreint fyrir þann helming félaga þar sem erlend eignaraðild er mest og eins fyrir hin 11.

#### Umfang erlendrar eignaraðildar

|                                                       | Meðaltal,<br>óvegið | Meðaltal 11<br>hæstu | Meðaltal 11<br>lægstu |
|-------------------------------------------------------|---------------------|----------------------|-----------------------|
| <b>Alls í eigu 20 stærstu hluthafa %</b>              | <b>88%</b>          | <b>86%</b>           | <b>89%</b>            |
| <b>Íslenskir eigendur %</b>                           | <b>61%</b>          | <b>40%</b>           | <b>82%</b>            |
| <b>Ísl. félag í eigu eða umráðum erlendra aðila</b>   | <b>4%</b>           | <b>4%</b>            | <b>3%</b>             |
| <b>Erlent félag eða einst.</b>                        | <b>5%</b>           | <b>8%</b>            | <b>2%</b>             |
| <b>Erlent félag í eigu eða umráðum íslensks aðila</b> | <b>19%</b>          | <b>35%</b>           | <b>2%</b>             |
| <b>Erlendir aðilar alls</b>                           | <b>27%</b>          | <b>47%</b>           | <b>7%</b>             |
| <b>Sem hlutfall af 20 stærstu:</b>                    |                     |                      |                       |
| <b>Íslenskir eigendur</b>                             | <b>68%</b>          | <b>45%</b>           | <b>92%</b>            |
| <b>Erlendir aðilar</b>                                | <b>32%</b>          | <b>55%</b>           | <b>8%</b>             |

Eftirtektarvert er hvað hlutur erlendrar félaga í íslenskri eigu eða umráðum er mikill eða 19% af 27% erlendra hluta í heild. Hjá þeim 11 félögum þar sem erlend aðild er mest er hlutur þessara félaga enn meiri eða  $\frac{3}{4}$  af erlendu eignarhaldi alls. Í töflunni kemur einnig fram að erlend eignaraðild er í heild um 32% af hluta 20 stærstu eigendanna. Hjá þeim helmingi félaga þar sem erlend eignaraðild er mest er þetta hlutfall þó mikið hærra eða um 55%.

Hið erlenda eignarhald var einnig skoðað með tilliti til þess hvar hinn erlendi eigandi er skráður. Voru skráningar í Hollandi, Lúxemborg og á aflandssvæðum sérgreindar. Nær allar breytingar á fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi má rekja til þessara landa

skv. tilvitnaðri skýrslu Seðlabanka Íslands og verulegur hluti af fjármunaeign Íslendinga erlendis er á þessum svæðum. Gefur það tilefni til að álykta að þar séu tengsl á milli og að fjármagn hafi verið flutt úr landi og svo fjárfesta aftur hér á landi. Hefur slíkt mikil áhrif á efnahagslíf og skattgreiðslur fyrirtækjanna og eigenda þeirra.

Hvað innlent eignarhald varðar var eign Kauphallarfélaga í öðrum Kauphallarfélögum og sjálfum sér sérgreind svo og eignaraðild lífeyrissjóða. Í fyrra tilvikinu gefur stærð eignarhaldsins til kynna hvað stór hluti teknanna renna á milli fyrirtækjanna og vegna mikils erlends eignarhalds rennur hluti þeirra úr landi. Lífeyrissjóðirnir eru skattfrjálsir og stærð eignarhluta þeirra hefur því áhrif á skattgreiðslur.<sup>11</sup>

Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir erlent og innlent eignarhald í einstökum félögum í Kauphöllinni og hvernig innlent eignarhald skiptist eftir eigendum hér á landi og hvernig erlent eignarhald skiptist eftir svæðum. Félögin eru flokkuð í fernt eftir umfangi erlendar eignaraðildar og eru 5 eða 6 félög í hverjum flokki. Nánari sundurliðun er að finna í töflum í viðauka.

### Eignarhald<sup>12</sup> á Kauphallarfélögum, 20 stærstu eigendur, skipt eftir búsetu hérlendis eða erlendis\*\*\*\*\*

| Félög flokkuð eftir umfangi erlendar eignaraðildar: | Kauphallarfélög flokkuð eftir umfangi erlendar eignaraðildar |                    |                 |                                               |                |               |                    |                                              |              |                    |
|-----------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------|--------------------|-----------------|-----------------------------------------------|----------------|---------------|--------------------|----------------------------------------------|--------------|--------------------|
|                                                     | Eignarhlutdeild % af heild                                   |                    |                 | Íslenskir eigendur sem hlutfall af 20 stærstu |                |               |                    | Erlendir eigendur sem hlutfall af 20 stærstu |              |                    |
|                                                     | Alls                                                         | Íslenskir eigendur | Erlendir aðilar | Kauphallarfélög                               | Lífeyrissjóðir | Annað innlent | Ísl. eigendur alls | Holland, Lúx og aðrir svæði                  | Annað erlent | Erl. eigendur alls |
| <b>5 hæstu*</b>                                     | 84%                                                          | 29%                | 55%             | 4%                                            | 11%            | 19%           | 35%                | 54%                                          | 12%          | 65%                |
| <b>6 næstu**</b>                                    | 88%                                                          | 48%                | 40%             | 14%                                           | 8%             | 32%           | 54%                | 36%                                          | 10%          | 46%                |
| <b>5 næstu***</b>                                   | 81%                                                          | 70%                | 12%             | 16%                                           | 4%             | 66%           | 86%                | 10%                                          | 4%           | 14%                |
| <b>6 lægstu****</b>                                 | 95%                                                          | 91%                | 4%              | 6%                                            | 2%             | 88%           | 96%                | 3%                                           | 1%           | 4%                 |
| <b>Samtals</b>                                      | 88%                                                          | 61%                | 27%             | 10%                                           | 6%             | 52%           | 68%                | 25%                                          | 6%           | 32%                |

\* Straumur -Burðarás, Bakkavör- Group, Landsbanki Íslands, Össur hf., Exista

\*\* HF Eimskipafélag Íslands, Kaupþing Banki, Alfesca, Glitnir, Flaga Group, Icelandic Group

\*\*\* FL Group, Marel, Atorka Group, SPRON, Teymi hf

\*\*\*\* Nýherji, 365 hf, Icelandair Group, Hampiðjan, HB Grandi, Vinnslustöðin

\*\*\*\*\* Sem aðilar með búsetu erlendis teljast einnig eignarhaldsfélög skráð hér á landi, sem eru beint eða óbeint í eigu aðila, sem skráðir eru erlendis.

Tölurnar bera einnig með sér að mikill munur er innbyrðis á félögum. Virðist munurinn ráðast nokkuð af stærð og eðli félaganna. Þegar félögum 22 er skipt í tvo jafnstóra hópa eftir því hversu erlend eignaraðild er mikil lenda flest fjármálafélögin í hærri flokknum en félög í virkri starfsemi eru flest í þeim lægri. Í eftirfarandi töflu eru

<sup>11</sup> Hér er um frestun á skattlagningu að ræða þar sem tekjur lífeyrissjóðanna mynda skattstofn hjá lífeyrisþegum þegar að greiðslu lífeyris kemur.

<sup>12</sup> Miðað var við upplýsingar Kauphallarinnar um 22 skráð félög og eignaraðild 20 stærstu hluthafa 27. desember 2007. 20 stærstu hluthafa eiga að meðaltali um 88% alls hlutafjár. Meðaltöl eru óvegin.

félögin sundurgreind eftir því hve erlend eignarhlutdeild er algeng og mikil. Ennfremur kemur þar fram víxeignaraðild og eignaraðild lífeyrissjóða.

### Fjöldi eignarhaldstilvika og hlutdeild eftir eðli og svæðum

| Eignarhald, fjöldi tilvika | Öll félög (22) | 11 félög <sup>13</sup> með hæsta erlenda eignaraðild | 11 félög með lægsta erlenda eignaraðild |
|----------------------------|----------------|------------------------------------------------------|-----------------------------------------|
| Önnur Kauphallarfélögfélög | 58             | 31                                                   | 27                                      |
| Lífeyrissjóðir             | 64             | 46                                                   | 18                                      |
| Erlendir aðilar            | 89             | 70                                                   | 19                                      |
| - þar af í Hollandi        | 7              | 7                                                    | 0                                       |
| - þar af í Luxemborg       | 32             | 19                                                   | 13                                      |
| - þar af á aflandssvæðum   | 14             | 12                                                   | 2                                       |
| - annars staðar erlendis   | 36             | 32                                                   | 4                                       |
| Aðrir                      | 229            | 73                                                   | 156                                     |
| <b>Samtals</b>             | <b>440</b>     | <b>220</b>                                           | <b>220</b>                              |

| Eignarhald, hlutföll %     | Öll félög (22) | 11 félög með hæsta erlenda eignaraðild | 11 félög með lægsta erlenda eignaraðild |
|----------------------------|----------------|----------------------------------------|-----------------------------------------|
| Önnur Kauphallarfélögfélög | 10.3           | 9.6                                    | 11.0                                    |
| Lífeyrissjóðir             | 6.3            | 9.7                                    | 2.8                                     |
| Erlendir aðilar            | 31.5           | 54.6                                   | 8.5                                     |
| - þar af í Hollandi        | 9.5            | 19.9                                   | 0.0                                     |
| - þar af í Luxemborg       | 11.5           | 19.0                                   | 4.1                                     |
| - þar af á aflandssvæðum   | 4.1            | 6.2                                    | 2.0                                     |
| - annars staðar erlendis   | 6.5            | 10.6                                   | 2.4                                     |
| Aðrir                      | 51.9           | 26.1                                   | 77.7                                    |
| <b>Samtals</b>             | <b>100</b>     | <b>100</b>                             | <b>100</b>                              |

Úr töflum þessum og yfirliti í viðauka má m.a. lesa eftirfarandi:

- *Eignarhald erlendra aðila á félögum í Kauphöllinni er frá 0 og uppí 75% og um 31,5% að meðaltali.<sup>14</sup>*
- *Erlent eignarhald er til staðar í 89 tilvikum (af 440) eða um fimmti hver eigandi er skráður erlendis og þar af 3 í Lúxemborg, á aflandssvæðu eða í Holland.*
- *Félög með skattalega heimilisfesti í Luxemborg, á aflandssvæðum eða í Hollandi fara með alla eða nær alla erlenda eignarhlutdeild í allmörgum félögum.*
- *Háa erlend eignaraðild og hátt hlutfall eigenda með skráningu í Lúxemborg eða á aflandssvæðum er einkum að finna hjá bönkum og stórum eignarhaldsfélögum en síður eða ekki hjá félögum með virka starfsemi.*
- *Innlent eignarhald er að jafnaði um 68% af eign 20 stærstu aðila. Þar af eru 10% í eigu Kauphallarfélaga, 6% í eigu lífeyrissjóða og 52% í eigu annarra innlendra aðila.*
- *Erlent eignarhald er að jafnaði um 38% af eign 20 stærstu hluthafanna. Þar af eru rúm 25% hjá aðilum í Luxemborg, á aflandssvæðum eða í Hollandi en rúm 6% annars staðar.*
- *Í efri flokknum er eignaraðild erlendra aðila miklu tíðari eða þriðjungur tilvika á móti innan við 10% tilvika í lægri flokknum. Eignarhald innlendra aðila sem ekki*

<sup>13</sup> Þessi félög eru: Straumur-Burðarás, Bakkavör Group, Landsbanki Íslands, Össur hf, Exista, HF Eimskipafélag Íslands, Kaupþing Banki, Alfesca, Glitnir og Flaga Group.

<sup>14</sup> Félögin sem skráð eru í Kauphöllinni eru ekki talin sem erlendir aðilar, þótt þau séu í mörgum tilvikum að meitihluta í beinu eða óbeinu eignahaldi erlendra aðila. Erlent eignarhald er að því leyti vanmetið.

*eru lífeyrirssjóðir eða önnur Kauphallarfélög er líka ótíðari í efri flokknum eða um þriðjungur tilvika á móti um 70% í lægri flokknum*

- *Í efri flokknum eiga erlendir aðilar að jafnaði um 55% hlutafjár en innlendir aðilar aðrir en kauphallarfélög og lífeyrissjóðir einungis um 26%. Í lægri flokknum er erlend eignaraðild um 8,5% en innlendra aðila annarra en kauphallarfélaga og lífeyrissjóða nærri 78%.*
- *Hin erlenda eignaraðild kemur að u.þ.b. 80 hundraðshlutum frá félögum í Hollandi, Lúxemborg eða aðlandssvæðum. Litlu skiptir í því efni hvort erlend hlutdeild alls er mikil eða lítil. Hins vegar virðist erlend hlutdeild frá öðrum en þessum löndum aðallega vera til staðar í félögum í virkri atvinnustarfsemi.*

Þegar litið er til þeirra 11 félaga þar sem erlend eignaraðild er mest sést að einungis um fjórðungur eignarhald í þeim er hjá félögum þar sem líkur eru á að þau eða eigendur þeirra greiði skatt hér á landi af úthlutuðum arði eða söluhagnaði. Aðrir eigendur eru annað hvort lífeyrissjóðir, sem eru skattfrjálsir, eða erlendir aðilar sem litlar líkur eru á að greiði hér skatt sem nokkru nemur. Skatttekjur af Kauphallarfélögunum takmarkast því við þann tekjuskatt sem lagður hefur verið á þau vegna innlendar starfsemi þeirra. Með lækkun tekjuskatts á félög á undanförunum árum hefur sá hluti af hagnaði þeirra sem lekið getur óskattlagður úr landi verið aukinn og hefur lækkun skattsins líklega fremur stuðlað að flutningi fjármagns úr landi en öfugt.<sup>15</sup>

Erlent eignarhald á íslenskum félögum, hvort sem það er raunverulega erlent eða dulið íslenskt eignarhald, hefur mikil áhrif á tekjur ríkisjóðs. Tilsvarendi hluti af tekjum og hagnaði af starfsemi félaganna fellur til aðila erlendis sem greiða skatta þar eða sæta engri eða lítilli skattlagningu ef hann er í vafasömu skattaumhverfi. Auk neikvæðra efnahagslegra áhrifa og tekjutaps ríkisins hlýtur það að teljast óviðunandi frá jafnræðissjónarmiði og skaðlegt öllu skattasiðferði að þeir sem til þess hafa vilja og aðstöðu geti sniðgengið íslenska hagsmuni svo freklega sem þeim sýnist.

Ein ástæða fyrir því að þetta ástand hefur skapast er sú að skattalög hér hafa ekki verið þróuð með tilliti til breyttra aðstæðna eins og þurft hefði. Veigamestur er að skortur á CFC-löggjöf en hún skyldar innlenda aðila til að upplýsa um eignir og tekjur erlendra félaga í þeirra umráðum og skattleggur tekjurnar ef þær sæta ekki almennri skattlagningu í upprunalandinu. Auk þess þyrfti að lögfesta styrkari ákvæði um milliverðlagningu og um viðbrögð við skattasniðgöngu. Þá ætti að taka upp í tvísköttunarsamninga Íslands almennt ákvæði sem takmarkar óeðlilega nýtingu á ívilnunum skv. slíkum samningum (LOB, Limitation of Benefits). Þá er nauðsynlegt að í skattkerfinu sé til staðar stofnun sem er í færum til að takast á við stórsniðin skattamál með erlendu ívafi. Tillögur skattyfirvalda um úrbætur í þessum efnum hafa legið á borðum stjórnvalda árum saman án þess að þeim hafi verið sinnt.<sup>16</sup>

<sup>15</sup> Á meðan á vinnslu þessarar greinar stóð var greint frá því í fjölmiðlum að stofnað hafi verið félag um rekstur netþjónabús á Keflavíkurflugvelli. Eigendurnir eru félög skráð erlendis, sem munu njóta þess að greiða lágt verð fyrir afnot af auðlindum í þjóðareign og lítillar skattlagningar hér á landi á hagnaðinn af nýtingu hennar.

<sup>16</sup> Fram mun vera komið á Alþingi frumvarp sem ætlað er að taka á síðast talda atriðinu. Af þeim takmörkuðu upplýsingum sem þar koma fram má þó ætla að lítil breyting verði í reynd.

***Helstu niðurstöður***

Erfitt er að draga saman allar niðurstöður í svo margbrotnum og flóknum málum sem hér er fjallað um á einfaldan hátt. Verður því látið nægja að benda á nokkur meginatriði.

- Fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi hefur stórukaust á síðustu árum. Á sama tíma hefur íslensk fjármunaeign erlendis aukist mikið. Aukningin á fjármunaeign erlendra aðila á Íslandi takmarkast að mestu við tvö lönd og nokkur afgangssvæði. Allar líkur benda til þess að hér sé um hringrás sama fjár að ræða.
- Önnur aukning á beinni erlendri fjármunaeign er fremur lítil einkum þegar horft er til aukinna stóriðjuframkvæmda á tímabilinu.
- Mikið erlent eignarhald er á félögum sem skráð eru í Kauphöllinni einkum í stórum fjármálafyrirtækjum.
- Afleiðing af miklu erlenda eignarhaldi er að jafn stór hluti hagnaðar af starfsemi félaganna rennur til erlendra eigenda.
- Hagnaður af starfsemi erlendra dótturfyrirtækja (útrásarfyrirtækja) skilar sér lítt og ekki varanlega til landsins.
- Skatttekjur af starfsemi þeirra félaga sem eiga dótturfélög erlendis takmarkast við hagnað af innlendri starfsemi félaganna og hefur fer minnkandi vegna breytinga á skattalögum.
- Vegna mikillar erlendrar eignaraðildar er hagnaður eftir skatt að stórum hluta í höndum erlendra aðila, sem eiga hægt um vik að koma honum úr landi án teljandi skattlagningar.
- Líkur eru á að mestur hluti skráðrar erlendrar eignaraðildar sé í reynd í höndum íslenskra aðila sem skráð hafa félög sín erlendis.
- Líkur eru á að sú skráning sé að stórum hluta gerð í þeim tilgangi að komast hjá því að greiða skatta á Íslandi.
- Lágur skattur á fjármagnstekjur hefur ekki dregið úr flutningi tekna og skattstofns úr landi og lækkun skatts á félög hefur ekki aukið raunverulega erlenda fjárfestingu en hefur að líkindum ýtt undir og aukið streymi fjármagns úr landi sem ófullburða skattalöggjöf ræður ekki við.